

Fundargerð 466. fundar Framkvæmdanefndar búvörusamninga haldinn 10. apríl 2024 kl. 13:00.

Þessir tóku þátt í fundinum:

Sigurður Eyþórsson, formaður nefndarinnar og sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í matvælaráðuneytinu (MAR), Bryndís Eiríksdóttir, nefndarmaður og sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í MAR, Rafn Bergsson, nefndarmaður og formaður deildar nautgripabænda innan BÍ, Trausti Hjálmarsson, nefndarmaður og formaður BÍ, Herdís Magna Gunnarsdóttir, nefndarmaður og varaformaður BÍ, Hrefna Rós Matthíasdóttir nefndarmaður og sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu. Fundargerð ritaði Kristín Sigfúsdóttir, stjórnarráðsfulltrúi MAR.

Þetta var gert:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 465 hefur þegar verið samþykkt af nefndinni og birt á vef matvælaráðuneytisins.

2. Erindi frá Bændasamtökum Íslands; Ráðstöfun framleiðslujafnvægisliðar samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar 2024.

Fjármunum framleiðslujafnvægisliðar, kr. 50.000.000, var ráðstafað yfir á 6. gr. samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar, þ.e.a.s. greiðslur vegna nautakjötsframleiðslu, nánar tiltekið á sláturálag var afgreitt í febrúar og greitt til bænda sem höfðu fengið sláturálag á nautgripakjöt 2024.

Fjárveiting til framleiðslujafnvægis í nautgriparækt 2024 er kr. 133.965.959
Tillaga BÍ er að skiptist þannig:

Erfðamengisúrvalsverkefni	58.000.000
NBÍ ehf	7.000.000
<u>Sláturálag 2024 afgreitt í febrúar</u>	<u>50.000.000</u>
Samtals	115.000.000
Óráðstafað er	18.965.959

Tillagan samþykkt samhljóða

3. Erindi frá Bændasamtökum Íslands vegna mælaborðs landbúnaðarins

Bændasamtökin hvetja framkvæmdanefnd búvörusamninga til að beita sér fyrir að tryggja réttar upplýsingar í mælaborði landbúnaðarins. Formaður greindi frá því að nýtt verklag hefur verið tekið upp að upplýsingar séu merktar fjárlagaárinu sem auðveldar samanburð við fjárveitingar. Uppgjör eru ekki komin inn í kerfið fyrir en febrúar/mars næsta árs á eftir framleiðsluári.

Fleira ekki tekið fyrir